



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJANESS

D Ó M U R

1. júní 2011

Mál nr. S-432/2011:
Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(*Guðrún Sveinsdóttir ftr.*)

Ákærði: Sebastian Kamienski
(*Bjarni Hauksson hrl.*)

Dómari: Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, miðvikudaginn 1. júní 2011, í máli nr. S-432/2011:

Ákærvaldið

(Guðrún Sveinsdóttir ftr.)

gegn

Sebastian Kamienski

(Bjarni Hauksson hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni framhaldsaðalmeðferð 29. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 17. mars 2011, á hendur Sebastian Kamienski, kt. 000000-0000, Krókamýri 80, Garðabæ, „fyrir neðan greind hilmingarbrott:

1. Með því að hafa eftirtalda muni í vörslum sínum, sem fundust við húsleit á heimili hans að Krókamýri 80 í Garðabæ þann 4. febrúar 2011 og í bílskúr að Álfhólsvegi 125 í Kópavogi, sem ákærði er leigutaki að, þann 6. febrúar 2011 og 11. febrúar 2011, vitandi að um þýfi væri að ræða og þannig haldið mununum ólöglega fyrir eigendum þeirra:

1.1 Myndavélakort af gerðinni Sandisk Ultra II sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæði að Bjarnhólastíg 2 í Kópavogi þann 24. september 2010.

(M. 007-2010-61857)

1.2. Myndavélakort af gerðinni Sandisk Extreme III og skilríki sem stolið var í innbroti í gistihúsið að Sundlaugarvegi 34 í Reykjavík þann 17. apríl 2010.

(M. 007-2010-23687)

1.3. Myndavélakort af gerðinni Sandisk Ultra II sem stolið var í innbroti á Hótel Cabin í Borgartúni 32 í Reykjavík þann 19. apríl 2010.

(M. 007-2010-24169)

1.4. Myndavélakort af gerðinni Sandisk Extreme III sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Kópavogsbarði 17 í Kópavogi þann 31. október 2010.

(M. 007-2010-71873)

1.5. Sjónvarpsflakkara af gerðinni Argosy og Canon linsu sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæði að Glitbergi 5 í Hafnarfirði þann 16. september 2010.

(M. 007-2010-59877)

1.6. Tamron Linsu og Lewis bakpoka sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Prastarási 21 í Hafnarfirði þann 26. nóvember 2010.

(M. 007-2010-78157)

1.7. Borðtölvu af gerðinni Apple iMac að verðmæti 219.990 og fartölvu af gerðinni Fujitsu Siemens sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Úlfarsfellsvegi 31 í Reykjavík þann 8. október 2010.

(M. 007-2010-65918)

1.8. Karlmannsúr af gerðinni Tag Heuer Carrera Automatic að verðmæti kr.495.500, og Denver ferða DVD spilara sem stolið var í innbroti í íbúð í fjölbýlishúsinu að Háteigsvegi 3 í Reykjavík þann 23. maí 2010.

(M. 007-2010-33053)

1.9. Fartölvu af gerðinni Apple Powerbook, fartölvu af gerðinni Toshiba og fartölvutösku sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Fjóluvöllum 1 í Hafnarfirði þann 25. desember 2010.

(M. 007-2010-85453)

1.10. Fartölvu af gerðinni Toshiba og sjónvarpsflakkara af gerðinni Seagate sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Furuvöllum 27 í Hafnarfirði þann 25. desember 2010.

(M. 007-2010-85451)

1.11. Fatnað af gerðinni Cintamani að verðmæti kr. 347.880 sem stolið var í innbroti í verslunina Sportís ehf. að Austurhrauni 3 í Garðabæ þann 12. nóvember 2010.

(M. 007-2010-75080)

1.12. Fartölvu af gerðinni Apple MacBook pro sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Digranesheiði 34 í Kópavogi þann 6. september 2010.

(M. 007-2010-57213)

1.13. Fartölvu af gerðinni Apple MacBook pro sem stolið var í innbroti í íbúð í fjölbýlishúsinu að Tröllateig 49 í Mosfellsbæ þann 26. júlí 2009.

(M. 007-2009-45507)

1.14. Sjónvarpstæki af tegundinni Roadstar 15 sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Þingáasi 13 í Reykjavík þann 10. september 2010.

(M. 007-2010-58524)

1.15. Farsíma af gerðinni Blackberry 7290 sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Melahvarfi 5 í Kópavogi þann 14. desember 2009.

(M. 007-2009-78519)

1.16. Farsíma af gerðinni Samsung SGH-E250 sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Þingáasi 4 í Reykjavík þann 10. september 2010.

(M. 007-2010-58511)

1.17. Myndavél af gerðinni Ricoh, tveir flatskjáir af gerðinni Philips og fartölvu af gerðinni Apple Powerbook G4 15 sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Háteigsvegi 2 í Reykjavík þann 22. maí 2010.

(M. 007-2011-13137)

1.18. Myndavél af gerðinni Nikon F80 og myndavél af gerðinni Nikon F100 ásamt nokkrum linsum, filterum og ljósmyndafilmum sem stolið var í innbroti á gistiheimilinu að Brautarholti 6 í Reykjavík þann 11. september 2010.

(M. 007-2010-58741)

1.19. Tvo silfurpeninga sem slegnir voru árið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar er stolnir voru í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Markarflöt 24 í Garðabæ þann 11. nóvember 2010.

(M. 007-2010-75184)

1.20. Myndavélakort og myndavélatösku af gerðinni Case Logic sem stolið var í innbroti á Hótel Fróni að Laugavegi 22A í Reykjavík þann 9. október 2010.

(M. 007-2010-66143)

1.21. Minnislykil sem stolið var í innbroti á Hótel Plaza við Aðalstræti 4 í Reykjavík þann 9. júní 2010.

(M. 007-2010-37528)

1.22. Myndavél af gerðinni Olympus FE-270 sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Kirkjuteig 17 í Reykjavík þann 14. maí 2010.

(M. 007-2010-30917)

1.23. Verkfæri að verðmæti kr. 605.000 sem stolið var í innbroti í vinnuskúr að Jörfabakka 26-32 í Reykjavík þann 17. desember 2010.

(M. 007-2010-83753)

1.24. Leikjatölva af gerðinni Playstation 3 slim sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Ásabraut 31 í Sandgerði þann 5. janúar 2011.

(M. 007-2011-169)

1.25. Garmin GPS staðsetningartæki sem stolið var í innbroti í bifreið við Rjúpufell 19 í Reykjavík þann 11. janúar 2011.

(M. 007-2011-2502)

1.26. Ipod Touch spilara sem stolið var úr búningasklefa í íþróttahúsinu að Versölum 3 í Kópavogi þann 25. janúar 2011.

(M. 007-2011-5447)

2. Með því að hafa á tímabilinu september 2010 til febrúar 2011 selt eftirtalda muni, sem haldlagðir voru af lögreglu í febrúar 2011, vitandi að um þýfi væri að ræða og þannig tekið þátt í ávinningnum af þeim innbrotum sem þýfið er úr:

2.1. Flatskjá af gerðinni Prolux sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Háteigsvegi 3 í Reykjavík þann 22. maí 2010, sem ákærði seldi Kinga Edyta Las.

(M. 007-2010-33053)

2.2. Flatskjá af gerðinni Philips sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Þrastarási 53 í Hafnarfirði þann 14. desember 2010, sem ákærði seldi Aneta Sienda og Mateusz Konopelski.

(M. 007-2010-82757)

2.3. Flatskjá af gerðinni Samsung sem stolið var í innbroti í íbúðarhúsnæðið að Úlfarsfellsvegi 31 í Reykjavík þann 8. október 2010, sem ákærði seldi Emilia Paulina.

(M. 007-2010-65918)

2.4. Fartölvu af gerðinni Sony Vaio að verðmæti 114.000 sem stolið var í innbroti á Hótel Fróni að Laugavegi 22A í Reykjavík þann 4. maí 2010, sem ákærði seldi Kajetan Andrzej Dziura.

(M. 007-2010-28261)

2.5. Fimm peysur af gerðinni Cintamani og fimm úlpur sömu gerðar sem stolið var í innbroti í verslunina Sportís ehf. að Austurhrauni 3 í Garðabæ þann 12. nóvember 2010, sem ákærði seldi Michal Marszalek.

(M. 007-2010-75080)

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega krafist að ákæruliðir nr. 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, 1.12, 1.13, 1.17 (vegna tveggja Philips flatskjáa), 1.20 (vegna myndavélarkorts), 1.21, 1.23 og 2.2 verði vísað frá dómi, en til vara að ákærði verði sýknaður af þeim.

Þá krefst ákærði sýknu af ákæruliðum nr. 1.5, 1.8, 1.14, 1.15, 1.16, 1.17 (vegna Richo myndavélar), 1.8, 1.19, 1.20 (vegna tösku), 1.25, 1.26, 2.1, 2.3, 2.4 og 2.5.

Að öðru leyti er af hálfu ákærða krafist vægustu refsingar sem lög leyfa.

Þá er þess krafist að gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 4. febrúar sl. komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Loks er þess krafist að málsvarnarlaun og útlagður kostnaður vegna túlks við undirbúning aðalmeðferðar greiðist úr ríkissjóði.

II.

Í greinargerð lögreglu vegna rannsóknar á málinu segir að lögreglan hafi haft til rannsóknar mál er tengdist fjölda innbrota sem framin hefðu verið víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu undanfarna mánuði og ár og hafi málið fengið númerið 007-2011-3330. Í tengslum við rannsóknina hafi þeir A, Kamil Nguyen Trong og Lukasz Orzechowski verið handteknir og þeir sætt gæsluvarðhaldi. Þá hafi fleiri verið handteknir og yfirheyrðir í tengslum við rannsóknina. Við rannsókn málsins hafi komið í ljós tengingar milli áðurgreindra sakborninga og ákærða og hafi fljótlega vaknað grunur um að ákærði væri sá aðili sem tæki við þýfinu af innbrotsþjófunum. Hafi þetta fengist staðfest með framburðum sakborninganna sjálfra, sem þá hafi setið í gæsluvarðhaldi og verið í einangrun, sem og með rannsókn á símagögnum, en þar hafi

komið fram augljóst mynstur í kringum tiltekin innbrot þar sem brotamennirnir hafi sett sig í samband við ákærða. Vegna þessara tengsla hafi verið ákveðið að hefja sérstaka rannsókn á þætti ákærða og hafi það mál hlotið númerið 007-2011-7318.

Ákveðið hafi verið að fylgjast með ferðum ákærða með það að markmiði að staðsetja húsnaði sem hann kynni að nota sem geymsluhúsnaði og til að athuga hvort hann væri að taka við og/eða selja þýfi til annarra. Við þetta eftirlit hafi komið fram að ákærði átti samskipti við aðra Pólverja. Þá hafi ákærði farið í bílskúr að Álfrólsvogi 125 í Kópavogi.

Með hliðsjón af framangreindu og í þágu rannsóknar málsins hafi verið ákveðið að hefja lögregluaðgerðir vegna máls ákærða. Að morgni 4. febrúar 2011 hafi ákærði, bróðir hans Krystian og Anna kærasta Krystian verið handtekin á heimili sínu að Krókamýri 80 í Garðabæ og hafi verið framkvæmd þar húsleit. Mjög mikið magn af ætluðu þýfi hafi fundist við húsleitina en það hafi fundist á þremur stöðum í íbúðinni.

Í skýrslu lögreglu um húsleitina, dags. 6. febrúar sl., segir að íbúð ákærða sé á annarri hæð í fjölbýlishúsi. Í herbergi ákærða hafi verið mikið af þýfi, þ.e. tölvur, sjónvarpstæki og fleira. Í hirslu undir sjónvarpstæki hafi fundist sjónvarpsflakkari og í fataskáp í herberginu hafi m.a. fundist fartölvur af gerðinni Fijitsu/Siemens og Toshiba, sem og fimm fartölvur af gerðinni Apple. Þá hafi fundist þar tvö Garmin-staðsetningar- og leiðsögutæki, Ipod-spilari, sjónvarpsflakkari, Sony-leikjatölva ásamt stýripinna, platti með 1000 og 500 krónu myntum og linsur af gerðinni Nikon og Tamron og tveir Nokia-farsímar, allt ætlað þýfi. Í náttborði hafi m.a. fundist nokkrir Nokia-farsímar, sem og farsímar af gerðinni Samsung og Blackberry, þrjú armbandsúr af gerðinni Tag Heuer, Casio og Emporio Armani, sem og skilríki og minniskort, allt ætlað þýfi. Í herberginu sjálfu hafi fundist fartölva af gerðinni Hewlett Packard, skjár af gerðinni Roadstar, myndavélataska, fartölvutaska, fjórir bakpokar og stýripinna af gerðinni Sony, Einnig hafi verið haldlagðir pappírar með upptalningu á raftækjum og peningaupphæðum.

Í fataskáp í herbergi á hægri hönd þegar gengið er inn úr forstofunni hafi fundist 11 nýjar flíkur frá Cintamani með verðmiðum og hafi fatnaðurinn verið talinn hluti þýfis úr nánar tilteknu innbroti. Í greinargerð lögreglunnar segir að umrætt herbergi hafi verið nýtt sem snyrtistofa. Í geymslu við hlið þessa herbergis hafi fundist tveir flatskjáir af gerðinni Philips og Prolux, dvd-ferðageislasplilarar, Ipod-spilari, myndavélar, farsímar og fleiri hlutir sem hafi verið ætlað þýfi.

Við leit í bifreið ákærða, HG-M23, hafi m.a. fundist stílabók merkt Sebastian, en í henni hafi verið mikið af tölum ásamt nöfnum á hinum ýmsu raftækjum.

Í þágu rannsóknar málsins hafi einnig verið framkvæmd húsleit í bílskúr að Álfrólsvogi 125 í Kópavogi. Hafi þar verið haldlagt ætlað þýfi, þ.e. mikið magn af

verkfærum, m.a. tvær stórar brotvélar, ein stór steypusög, slípirokkar og borvélar. Þá hafi fundist þar tveir Nokia-farsímar og einn farsími af gerðinni Samsung, 11 pör af Adidas-fótboltaskóm í íþróttatösku, og myndavélataska með tveimur Nikon-ljósmyndavélum og linsum, ásamt ljósmyndafilmum. Í greinargerð lögreglu segir að á heimili ákærða hafi fundist Nikon-linsa, sem talið sé að hafi verið í þessari sömu tösku.

Í greinargerð lögreglu segir að fjöldi manns hafi verið færður í skýrslutöku í þágu rannsóknar málsins eftir að lögreglan hafði fengið útskrift af bankareikningi ákærða og gögn um símanotkun hans. Um hafi verið að ræða fólk, sem ýmist hafi verið grunað um að hafa keypt af ákærða eða afhent honum muni. Við þessar aðgerðir hafi verið haldlagðir munir á nokkrum stöðum, þ.e. hjá fólki sem keypt hafði þá af ákærða, en bæði símagögn og millifærslur á reikningi ákærða hafi sýnt að viðkomandi hafði átt í samskiptum við ákærða og síðan greitt inn á reikning hans. Hafi sjónvarpstæki og tölvur verið haldlögð í þessum aðgerðum lögreglu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. apríl 2011 voru þeir A, Kamil Nguyen-Trong og Lukasz Orzechowski, ásamt Lukasz Brotosz Mozwilo, sakfelldir fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot sem framin voru með því að brjótast inn í íbúðarhús, verslunarhúsnæði og hótél og gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2009, 2010 og 2011. Var ákæra málsins í alls 75 liðum. Játuðu ákærðu skýlaust alla þá háttsemi sem þeim var gefin að sök í ákærinni. Þar á meðal voru innbrot í verslunarhúsnæði að Austurhrauni 3 í Garðabæ, íbúðarhúsnæði að Furuvöllum 27, Fjóluvöllum 1, Glitbergi 5 og Þrastarási 21, allt í Hafnarfirði, íbúðarhúsnæði að Kópavogsbarði 17 og Digranesheiði 34 í Kópavogi, íbúðarhúsnæði að Þingási 4 og 13 í Reykjavík og loks herbergi á eftirtöldum hótélum og gististöðum í Reykjavík: Hótél Fróni, Laugavegi 22a, Farfuglaheimilinu Laugardal, Hótél Cabin, Borgartúni 32 og Gistiheimilinu Brautarholti 6. Ætlað þýfi úr þessum innbrotum fannst á heimili ákærða að Krókamýri 80 í Garðabæ og í bílskúr, sem hann hafði til umráða að Álfhólsvogi 125 í Kópavogi.

Á meðal gagna málsins er greinargerð lögreglu vegna rannsóknar á símagögnum, þ.e. samskiptum á milli símanúmera ákærða annars vegar og þeirra A, Kamils og Lukaszar hins vegar og hafa samskiptin á milli síma ákærða og áðurgreindra manna verið sett upp á tímálinu frá 6. september 2010 til 15. janúar 2011 ásamt dagsetningum nánar tilgreindra innbrota.

Einnig liggur frammi í málinu viðbótargreinargerð lögreglu, dags. 31. mars 2011, sem fjallar um símasamskipti ákærða og þeirra A, Kamils og Lukaszar á tímabilinu frá apríl til september 2010. Niðurstaða greinargerðarinnar er sú ákærði hafi verið í nokkrum samskiptum við framangreinda á því tímabili sem um ræði. Þá segir að þegar samskiptin hafi verið greind í tímaröð og borin saman við tímasetningar

innbrota sem sakborningar hafi játað á sig sjáist að samskiptin eigi sér oft stað í kringum þau innbrot. Hlé verði þó á samskiptunum frá miðjun júní til loka ágúst 2010.

Þá eru á meðal gagna málsins útprentanir af smáskilaboðum úr síma ákærða ásamt þýðingum á þeim þar sem ákærði virðist bjóða hin ýmsu raftæki til kaups, svo sem fartölvur, leikjatölvur og síma, en einnig virðist hann fá skilaboð þar sem honum eru boðin ýmis tæki til kaups.

Einnig er að finna meðal gagna málsins ljósrit úr dagbók ákærða ásamt stökum blöðum úr henni ásamt þýðingum á þessum gögnum. Þar getur að líta lista yfir tölvur, síma, staðsetningartæki, myndavélar, Ipod-spilara, sjónvarpstæki og fleira ásamt verðum og hefur verið merkt við það sem selt er. Einnig getur þar að líta skuldalista, þ.e. nöfn og hvað hver og einn skuldar eða hefur skilað. Þar er og listi yfir fatnað ásamt stærðum og verðum og nöfn þeirra sem hafa keypt og fyrir hvaða verð. Loks getur þar að líta lista af nöfnum og fjárhæðum, sem ber yfirskriftina „ég skulda“.

Þá liggur frammi í málinu skýrsla lögreglu, dags. 13. apríl 2011, ásamt yfirliti yfir bankareikninga ákærða. Í skýrslunni segir að þar megi finna millifærslur af og á reikninga hans frá ýmsum aðilum á tímabilinu 1. janúar 2010 til 3. febrúar 2011. Innborganir frá 14 einstaklingum inn á reikning ákærða nemi samtals 1.316.000 krónum, en útborgun frá ákærða til sömu einstaklinga nemi samtals 267.000 krónum og nemi mismunur á inn- og útborgunum því 1.049.000 krónum.

Í annarri viðbótargreinargerð lögreglu, dags. 14. apríl 2011, er fjallað um tengsl út frá símaskrá símtekja. Í greinargerðinni segir að athugað hafi verið hvort símtekki í eigu áðurgreindra A, Kamils og Lukaszar innihaldi upplýsingar í símaskrá sem tengi þá við símanúmerið 8587754 sem skráð sé á ákærða. Niðurstaða greinargerðarinnar er sú að símanúmer ákærða komi fram í símaskrá símtekis Kamil Nguyen-Trong undir nafninu „Seba Ogarniacz“ og í símaskrá símtekja A annars vegar undir nafni „Seba is“ og hinsvegar „Seba“. Númerið komi hins vegar ekki fram í símaskrá símtekis í eigu Lukaszar Orzechowski.

Í greinargerð lögreglu segir að ákærði hafi verið yfirheyrður í nokkur skipti vegna rannsóknar málsins, en hann hafi sýnt lögreglu litla samvinnu. Ákærði hafi neitað því að hafa stundað kaup og sölu á þýfi og neitað því að hafa nokkurn tíma tekið við þýfi frá þeim A, Kamil og Lukasz. Í raun hafi ákærði aðeins játað að hafa verið með þá muni sem fundust á heimili hans í vörslum sínum og tjáð lögreglu að hann hefði „gert sér það í hugarlund“ að um þýfi væri að ræða en ekki vitað það fyrir víst. Hann hafi tjáð lögreglu að maður að nafni Jurek hefði komið með þessa muni til hans. Við rannsókn lögreglu á símagögnum, bankagögnum, yfirheyrslum og fleiru hafi ekkert komið fram um að þessi maður sé yfir höfuð til. Þá hafi ákærði ekki getað aðstoða lögreglu við að hafa upp á þessum manni. Í fyrstu hafi ákærði sagt að Jurek hefði látið hann fá muni í eitt skipti, en eftir að í ljós kom að á heimili hans fannst þýfi

úr innbrotum, sem áttu sér stað eftir það tímamark, sem hann hafði áður borið um að hafa fengið hlutina frá Jurek, hafi ákærði sagst hafa fengið hluti frá Jurek í tvígang.

Varðandi stílabók með ætluðum sölulistum hafi ákærði sagst hafa fengið hana frá Jurek. Í bókinni hafi hins vegar verið mikið af upplýsingum frá ákærða sjálfum, m.a. vegna vinnu við nudd frá því vorið 2010 eða fyrr. Einnig hafi stílabókin verið merkt ákærða og hafi hann játað að hafa skrifað í bókina. Þá hafi fundist hjá ákærða minnislykill, sem hann hafi sagst eiga. Á lyklinum hafi verið skjal með upplýsingum um ýmsa muni, þ.e. hinar ýmsu tölvur, Ipod-spilara, Iphone-síma og sjónvarpstæki. Þá hafi fundist hjá ákærða tilkynning merkt honum um sendingu frá útlöndum og á bakhlið hennar hafi verið upptalning á munum, m.a. Acer, Thoshiba, Apple og Body 500D, en lögreglan telji að þar sé átt við body af Canon 500D ljósmyndavél.

Við síðari skýrslutökur hafi ákærði játað að hafa aðstoðað við sölu á þremur sjónvarpstækjum til Kinga Edita, Emilia og Mateusz. Kinga Edita og Emilia hafi hins vegar borið um það að ákærði hafi komið einn með tækin til þeirra.

Þá segir í greinargerð lögreglu að ákærði hafi borið um það að ákveðna hluti hafi hann átt sjálfur. Þá hafi ákærði neitað að hafa selt Kajetan fartölvu, sem Kajetan hafi framvísað hjá lögreglu og tjáð lögreglu að hann hefði keypt hana af ákærða. Hafi Kajetan nefnt nafn ákærða án þess að vita hvort lögreglan hefði hann sérstaklega grunaðan í málinu.

Við skýrslutöku hafi ákærði sagst þekkja A í gegnum bróður A, sem kallaður væri Byniak. Ákærði hafi sagst hafa hitt A í apríl eða maí 2010 og sagt að þeir hefðu sjaldan símasamskipti, sennilega aðeins einu sinni í mánuði. Við rannsókn á símagögnum hafi hins vegar komið í ljós að þeir höfðu ítrekað samskipti í gegnum síma, m.a. á jóladagskvöld þegar tvö innbrot voru framin.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum og hjá lögreglu eftir því sem þurfa þykir:

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði verið með alla þessa þjófstoðlu muni í vörslum sínum, þ.e. muni úr 26 innbrotum, sem fundist hefðu á heimili hans að Krókamýri 80 í Garðabæ og í bílskúr að Álfrólsvogi 125 í Kópavogi. Sagði ákærði þá að Jurek vinur hans hefði tvisvar komið með muni til hans og aðra muni hefði hann sjálfur keypt á forum.pl, en það væri vefsíða fyrir Pólverja búsetta á Íslandi.

Ákærði var því næst inntur út í muni í hverjum ákærulið fyrir sig.

Ákærði kvaðst játa að hafa haft muni, sem tilgreindir væru í ákæruliðum 1.1 til 1.5 í vörslum sínum, en kvaðst ekki hafa vitað að munirnir voru þýfi. Hann sagðist ekki geta sagt til um hvar hann fékk myndavélakort, sem tilgreind væru í lið 1.1. – 1.4. Sagðist hann muna eftir að hafa keypti stórt kort á vefsíðunni forum. Þá sagði hann að verið gæti að eitt kortanna hefði dottið úr stílabók, sem Jurek kom með til hans eins og greindi í skýrslu hans hjá lögreglu. Annars sagðist ákærði ekki muna þetta glögg.

Ákærði sagðist hafa keypt sjónvarpsflakkara í lið 1.5 af Piotr vini sínum til eigin nota fyrir 15.000 krónur, en Canon-linsunni sagðist hann hafa keypt á 35.000 krónur til eigin nota á vefsíðunni forum.

Að því er varðar ákærulið 1.6 kvaðst ákærði játa brot af gáleysi að því er varðar Tamron-linsu en neitaði sök að öðru leyti. Hann sagði að Jurek hefði komið með Tamron-linsuna, en bakpokann hefði hann átt sjálfur og keypt hann annað hvort í Póllandi eða London. Sagðist hann halda að hægt væri að kaupa svona bakpoka í hvaða Lewis-verslun sem væri.

Hann sagði að Jurek hefði komið með borðtölvu og fartölvu, sem tilgreindar væru í ákærulið 1.7. og kvaðst ákærði játa brot af gáleysi að því er þennan ákærulið varðar.

Ákærði kvaðst neita sök að því er varðar ákærulið 1.8. Kvaðst hann hafa keypt karlmannsúrið í Póllandi, en sagðist ekki muna hvaðan dvd-ferðaspilarinn kom, en um væri að ræða gamlan spilara. Ákærða var bent á að búið væri að staðfesta að úrið hefði verið selt á Íslandi. Sagði ákærði þá að hann hefði keypt þetta úr á netinu þegar hann hefði verið í sumarfrí í Póllandi.

Ákærði kvaðst játa brot af gáleysi að því er ákærulið 1.9 til 1.11 varðar. Hann sagði að Jurek hefði komið með fartölvur og fartölvutösku í ákærulið 1.9, fartölvu og sjónvarpsflakkara sem fram kæmu í ákærulið 1.10 og Cintamani-fatnað fram kæmi í ákærulið 1.11. Sagði ákærði að þessir munir hefðu komið eftir áramót, þ.e. þegar Jurek kom með muni til hans í annað skiptið. Ákærði neitaði því að hafa keypt þessa muni af Jurek.

Að því er varðar ákæruliði 1.12 og 1.13 kvaðst ákærði játa brot af gáleysi að því er aðra tölvuna varðaði en neita sök að því er hina varðaði. Kvað hann Jurek hafa komið með aðra tölvuna en hina hefði hann keypt af Piotr vini sínum.

Hann sagði að vinur hans hefði gefið honum sjónvarpstækið, sem getið væri um í ákærulið 1.14. Þá sagði ákærði að Blackberry-farsími í ákærulið 1.15 væri gamall farsími sem hefði verið í töskunni frá Jurek. Ákærði sagði að einhver hefði gefið honum Samsung-farsímamann í ákærulið 1.16. Kvaðst ákærði neita sök að því er þessa ákæruliði varðaði.

Ákærði sagðist ekki muna eftir myndavél af gerðinni Ricoh í ákærulið 1.17 og þá sagðist hann ekki vita um hvaða tvo flatskjái af gerðinni Philips væri að ræða í sama ákærulið. Kvaðst hann hafa keypt slíkt sjónvarpstæki af vini sínum. Loks sagðist hann halda að Jurek hefði komið með Apple-fartölvuna, sem getið væri um í sama ákærulið í fyrra skipti sem hann kom með muni til hans. Kvaðst hann neita sök að því er varðaði myndavél og tvo flatskjái í þessum ákærulið, en kvaðst játa brot af gáleysi að því er varðaði Apple-tölvuna.

Ákærði kvaðst neita sök að því er varðaði ákæruliði 1.18–1.21. Kvaðst hann hafa keypt myndavélar ásamt linsum, filterum og ljósmyndafilmum í ákærulið 1.18 til eigin nota. Sagðist hann halda að hann hefði keypt þetta á vefsíðunni forum. Sama ætti við um silfurpeninga í ákærulið 1.19, en þá hefði hann einnig keypt á sömu vefsíðu á 500 og 1000 krónur. Sagði ákærði að þeir hefðu litið vel út og hann hefði keypt þá sér til gamans. Ákærði sagðist ekki vita um hvaða myndavéla kort væri að ræða í ákærulið 1.20, en töskuna í þeim ákærulið hefði hann keypt sjálfur í Elko eða Tölvulistanum. Hann sagðist hins vegar ekki muna hvaðan hann fékk minnislykil í ákærulið 1.21.

Hann sagði að vel gæti verið að Jurek hefði komið með Olympus-myndavélina í ákærulið 1.22 og að hún hefði verið í dótinu frá honum. Kvaðst hann játa brot af gáleysi að því er þennan ákærulið varðaði.

Ákærði sagðist ekki vita um hvaða verkfæri væri um að ræða í ákærulið 1.23, en sjálfur sagðist hann hafa átt mikið af verkfærum. Sagðist hann hafa keypt borvél af Lukaz og fleiri verkfæri af Piotr. Kvaðst hann neita sök að því er þennan ákærulið varðaði.

Hann sagði að Playstation-tölva í ákærulið 1.24 væri frá Jurek og kvaðst hann játa sök að því er þennan ákærulið varðaði. Hann sagðist sjálfur hafa keypt Garmin GPS-staðsetningartæki í ákærulið 1.25 á vefsíðunni forum og kvaðst hann neita sök að því er þennan ákærulið varðaði. Ákærða var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði hann borið um að hafa keypt þetta af Piotr vini sínum. Sagði ákærði þá að það gæti vel verið. Sagðist ákærði ekki muna þetta vel. Hann neitaði því að hafa fengið þetta frá Patryk Marek Suchocki.

Ákærði sagðist eiga Ipod Touch spilarann í ákærulið 1.26 og kvaðst hann neita sök að því er þennan ákærulið varðaði. Þá neitaði hann því að hafa tekið við spilaranum frá Dawid Niescier.

Ákærði sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því þegar Jurek kom í fyrra skiptið með muni til hans að þeir væru þýfi, en hann hefði grunað það þegar Jurek kom í annað skiptið með muni til hans. Það hefði hins vegar ekki hvarflað að honum að þeir munir, sem hann keypti sjálfur af vinum sínum eða á netinu til eigin nota, væru þýfi.

Ákærði sagði að Jurek væri félagi sinn. Hann hefði áður búið í Keflavík, en síðan flutt til Reykjavíkur. Hann sagðist ekki vita hvert fullt nafn Jurek væri, en yfirleitt notuðu hann og vinir hans aðeins gælunöfn. Hann sagðist ekki vita hvar Jurek ætti heima, aðeins að hann byggi í Reykjavík. Þá sagði hann að Jurek hefði ekki átt síma. Ákærði var þá spurður að því hvers vegna hann vissi svona lítið um Jurek úr því að hann var í töluverðum samskiptum við hann. Sagði ákærði þá að hann hefði ekki verið í stöðugu sambandi við Jurek, en hann hefði aðeins komið tvisvar með dót til hans. Aðspurður sagðist ákærði hafa kynnst Jurek í gegnum sameiginlega vini, en þeir spiluðu fótbolta saman. Ákærði var spurður hvernig þeir hefðu mælt sér mót og sagði

ákærði þá að Jurek hefði vitað hvar hann bjó og hann hefði vitað að hann væri heima á kvöldin. Hann sagðist ekki vita hvort sameiginlegir vinir þeirra Jureks hefðu einhverjar frekari upplýsingar um Jurek. Ákærði var spurður hvers vegna Jurek, sem hann virðist ekki hafa þekkt mikið, lét hann fá alla þessa muni og sagði ákærði þá að Jurek hefði vitað að hann þekkti mikið af fólk og að hann gæti lagað tölvur. Hefði hann spurt hann að því hvort einhver myndi kannski vilja kaupa eitthvað af þessum munum. Hann sagði að Jurek hefði komið með muni til hans einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir áramót og hefði hann flutti munina á Toyota Yaris bifreið. Hann sagðist ekki hafa greitt fyrir þessa muni. Ákærða var bent á að hjá lögreglu hefði hann borið á annan veg, þ.e. að hann hefði keypt muni af Jurek. Sagðist ákærð halda að það væri einhver misskilningur. Sagðist hann ekki vita í hvaða tilgangi hann hefði átt að kaupa svona mikið af dóti. Þá sagðist hann ekki hafa peninga til að kaupa svona mikið af dóti.

Ákærði sagðist hafa búið í um tvö og hálf ár á Íslandi og þar af verið atvinnulaus í um eitt og hálf ár. Hann sagðist vera menntaður bílvirki og nuddari. Hann sagðist vera á atvinnuleysisbótum, en vinna aðeins með þeim, þ.e. eins og honum væri leyfilegt. Hann sagði að bæturnar væru í kringum 118.000 krónur og það sem hann mætti vinna sér inn með bótunum væri um 50-60.000 krónur. Ákærði staðfesti að símanúmer hans væri 858-7754.

Ákærði var beðinn um að gera grein fyrir mönnum að nafni A og Lukasz sem hann hefði borið um að hafa keypt verkfæri af í skýrslu sinni hjá lögreglu. Sagði ákærði að þeir hefðu verið að vinna í byggingarvinnu, en sagðist ekki vita meira um þá. Sagðist hann hafa kynnst þeim í gegnum vini og kunningja eða úti á lífinu. Hann sagði að Pólverjar héldu saman.

Ákærði sagðist þekkja A og Kamil Nguyen-Trong, en hann sagðist ekki vita hver Lukasz Orzechowski væri. Sagðist hann hafa spilað fótbolta við A og Kamil og annar þeirra væri bróðir vinar hans úr skóla. Ákærði sagist vera kunningi þeirra, en sagðist ekki hafa hitt þá daglega. Ákærða var kynnt að A hefði borið um það að hann hefði selt honum þýfi úr fjölda innbrota, sem hann hefði nú játað aðild sína að og verið dæmdur fyrir. Einnig hefðu Kamil og Lukasz minnst á þetta. Sagðist ákærði þá ekki hafa keypt neitt af þeim og aldrei tekið við neinum munum frá þeim. Ákærði var þá inntur eftir því hvers vegna fjöldi muna úr þessum innbrotum hefði fundist á heimili hans. Sagðist ákærði ekki geta skýrt það, en kannski hefði Jurek keypt þessa muni af þeim.

Ákærða var einnig kynnt að í málinu lögju fyrir símagögn sem sýndu að hann hefði margoft verið í símasambandi við A og Kamil sömu daga og innbrotin voru framin, þ.e. fyrir og eftir innbrotin. Var hann inntur eftir skýringum á þessu. Sagði ákærði þá að A hefði hringt í hann og boðið honum eitthvað, en hann hefði aldrei

keypt neitt af honum. Erfitt væri að útskýra hvers vegna það hefði hist svo á að hann hefði einmitt verið að brjótast inn á sama tíma og hann hringdi í hann.

Dómskjal nr. 3, viðbótargreinargerð, var nú borið undir ákærða. Var honum bent á að 18. apríl 2010, þ.e. daginn eftir að brotist var inn í Farfuglaheimilið í Laugardal og daginn áður en brotist var inn í Hótel Cabin hafi ákærði og A verið í símasamskiptum. Þá hafi A borið um það að hafa selt ákærða þýfi úr innbrotinu í Hótel Cabin, en munir úr báðum þessum innbrotum hafi fundist við húsleit á heimili ákærða. Ákærði var inntur eftir hvers vegna hann hefði verið í símasamskiptum við A á þessum tíma. Sagðist ákærði ekki geta sagt til um það þar sem langt væri um liðið.

Þá var ákærða sýnt skjal merkt II.-36-2, sem er uppsett tímalína vegna símasamskipta. Var ákærða bent á að hann hefði verið einu sinni í símasamskiptum við Kamil 30. október 2010 eða sama dag og sá síðarnefndi braust inn að Kópavogsbarði 17 og daginn eftir hefði hann verið miklum í samskiptum við Kamil. Síðan hefðu fundist munir úr þessu innbroti við húsleit á heimili ákærða. Ákærði var spurður að því af hverju hann hefði verið í símasamskiptum við Kamil á þessum tíma. Sagði ákærði þá að Kamil hefði oft hringt í hann til að fá lánaðan pening.

Næst var ákærða bent á að 16. september 2010 hefði hann verið í símasamskiptum við Kamil og A, en sama dag hefðu þeir brotist inn að Glitbergi 5 í Hafnarfirði. Munir úr þessu innbroti hefðu fundist á heimili ákærða og A hefði borið um það að hafa selt ákærða þýfið. Ákærði var spurður af hverju hann hefði verið í símasamskiptum við A og Kamil á þessum tíma. Sagðist ákærði ekki vita það þar sem langt væri um liðið. Sennilega hefðu þeir bara verið að spjalla saman.

Þá var ákærða bent á að hann hefði verið í símasamskiptum við A 25. nóvember 2010 eða daginn áður en brotist var inn að Þrastarási 21 í Hafnarfirði og síðan hefðu fundist munir úr þessu innbroti heima hjá honum. Sagðist ákærði ekki vita af hverju hann hefði verið í símasamskiptum við A á þessum tíma.

Ákærða var bent á að hann hefði verið í miklum símsamskiptum við A og Kamil 25. desember 2010 eða sama dag og brotist var inn að Furuvöllum 27 og Fjóluvöllum 1 í Hafnarfirði. Þá hefði A borið um það að hafa selt ákærða þýfið. Ákærði var spurður af hverju þeir hefðu verið í símasamskiptum þennan dag, sem var jóladagur. Sagðist ákærði hafa verið í Grundarfirði þennan dag með allri fjölskyldunni. Sagðist hann kannski hafa verið að hringja til að óska gleðilegra jóla eða eitthvað slíkt. Ákærða var þá bent á að hann hefði tvisvar hringt í A þennan dag og A hringt tvisvar í hann. Sagðist ákærði ekki hafa hugmynd um það. Ákærða var bent á að þeir hefðu verið að hringjast á á sama tíma og innbrotið er talið hafa verið framið. Sagðist ákærði ekki vita það, en hann hefði alla veganna verið í Grundarfirði.

Ákærða var bent á að hann hefði verið í miklum símasamskiptum við A 12 nóvember 2010 eða sama dag og brotist var inn að Austurhrauni 3 í Garðabæ. Þá hefði hann einnig verið í símasamskiptum við A og Kamil dagana á eftir. Þá var ákærða bent á að A hefði borið um að þýfið hefði farið til ákærða, en maður að nafni Arthur hefði séð um það. Ákærði sagði að mörg þessara símtala væri ósvöruð símtöl, en kannski hefðu þeir verið að mæla sér mót í fótbolta. Sagðist hann ekkert hafa fengið frá A eða Arthur.

Ákærða var bent á að hann hefði verið miklum símasamskiptum við Kamil og A 9. október 2010, sama dag og þeir síðarnefndu brutust inn í Hótel Frón í Reykjavík og síðan hefði fundist þýfi úr þessu innbroti heima hjá honum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita af hverju hann var í símasamskiptum við þá á þessum tíma.

Ákærða var bent á að hann hefði verið í símasamskiptum við A 11. september 2010 eða sama dag og brotist var inn í Gistiheimilið að Brautarholti 4 í Reykjavík og síðan hefðu þeir verið í símasamskiptum daginn eftir. Aðspurður sagðist ákærði ekki muna eftir því hvers vegna þeir voru í þessum símasamskiptum á þessum tíma.

Þá var ákærða bent á að hann hefði verið í símasamskiptum við A 10. september 2010 eða sama dag og brotist var inn að Þingási 4 og 13 í Reykjavík og síðan hefði fundist þýfi úr þessum innbrotum heima hjá ákærða. Aðspurður sagðist ákærði ekki vita af hverju hann var í símasamskiptum A á þessum tíma. Sagðist ákærði ekki sjá betur en þeir hefðu verið að brjótast inn nánast daglega.

Ákærði var spurður að því hvort honum þætti það ekki einkennileg tilviljun að hann hefði verið í símasamskiptum við þá A og Kamil á sama tíma og þeir eru að brjótast inn og þýfi úr þessum sömu innbrotum hefðu síðan fundist heima hjá honum. Sagði ákærði þá að hann væri búinn að gera grein fyrir því hvaðan hann hefði fengið hlutina sem fundust heima hjá honum. Sagðist hann halda að um tilviljun væri að ræða. Hann hefði aldrei tekið við neinu frá A og Kamil.

Loks var ákærða bent á að brotist hefði verið að Digranesheiði 34 hinn 6. september 2010 og að A hefði borið um það að hann héldi að þýfið hefði farið til ákærða og síðan hefði fundist þýfi úr þessu innbroti á heimili ákærða. Sagðist ákærði ekkert vita um þetta. Sagðist hann telja að um tilviljun væri að ræða að hann hefði verið í símaskiptum við A á sama tíma. Sagðist ákærði hafa fengið þessa muni frá Jurek en hann hefði ekki vitað að munirnir væru úr innbrotum A. Sagðist ákærði ekki hafa keypt þessa muni.

Ákærða var bent á að fyrir lægi framburður Krystian bróður hans um að hann hefði séð menn koma heim til ákærða með bakpoka og þeir hefðu farið beint inn í herbergi ákærða. Sagði ákærði þá að hann hefði oft tekið að sér að gera við tölvur, m.a. fartölvur sem fólk hefði komið með í bakpoka. Hann sagði að félagar hans vissu af því að hann gæti gert við tölvur. Ákærða var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði

hann sagt að þetta hefðu verið Jurek og félagar hans sem hann þekkti ekki. Hafði ákærði enga skýringu á þessum framburði sínum hjá lögreglu. Ákærða var bent á að á heimili hans hefði verið lagt hald á nokkrar töskur og bakpoka, sem grunur lægi á um að þýfi hefði verið borið í heim til hans. Sagðist ákærði þá vera búinn að bera kennsl á bakpokana hjá lögreglu.

Afrit af sms-samskiptum úr síma ákærða voru nú borin undir ákærða, m.a. þar sem hann væri að telja upp tölvur og tölvubúnað. Var ákærði beðinn um skýringar á þessu. Sagði hann að Jurek hefði spurt hann af því hvort hann vissi um einhvern sem vildi kaupa af honum og því hefði hann spurst fyrir með þessum skilaboðum. Ákærða var þá einnig bent á að samkvæmt skilaboðum frá 4. desember 2010 hefði einhver einnig verið að bjóða honum tölvu til sölu. Sagði ákærði að þessi strákur hefði boðið honum þessa tölvu til kaups því hann hefði vitað að hann vantaði tölvu. Ákærða var bent á að samkvæmt þessum skilaboðum hefði hann verið að bjóða tvær leikjatölvur til sölu. Sagðist ákærði þá bara hafa verið að spyrjast fyrir um hvort einhver vildi kaupa leikjatölvu sem var heima hjá honum. Einnig sagðist hann hafa verið að aðstoða Jurek. Þá var ákærða bent á að samkvæmt þessum skilaboðum hefði maður að nafni Dawid boðið honum radarvara og var hann spurður að því hvort hann hefði stundað það að kaupa raftæki af fólki. Neitaði ákærði því. Þá var ákærða bent á að 18. janúar 2011 hefði hann enn boðið leikjatölvu til sölu, í þetta sinn nýjustu útgáfuna. Neitaði ákærði því að hafa verið með margar leikjatölvur til sölu. Ákærða var þá bent á að samkvæmt þessum skilaboðum hefðu menn oft verið að bjóða honum ýmsa hluti til kaups, svo sem útvarp, síma o.fl. Sagðist ákærði ekki muna eftir þessu og ekki vita um hvað þetta snerist.

Ákærði var því næst spurður út í ljósrít úr stílabók hans á bls. 539-553 í skjölum málsins, sem fundist hefði við húsleit á heimili hans. Þar væru handskrifaðir listar yfir muni og verð og búið væri að merkja við suma munina að þeir væru seldir. Var ákærði beðinn um skýringar á þessu. Sagði ákærði þá að þetta væri ekki stílabókin hans heldur væri hún frá Jurek. Sagði ákærði að Jurek hefði skilið bókina eftir í bílnum hans. Ákærða var þá bent á að bókin væri merkt honum, sbr. dskj. 4. Sagðist ákærði ekki geta útskýrt það, en hann sagðist ekki hafa skrifað þetta. Ákærða var þá bent á að hjá lögreglu hefði hann játað að hafa skrifað eitthvað af því sem fram kæmi í bókinni. Sagðist ákærði þá hafa ritað skjal á bls. 551 í gögnum málsins. Ákærði var þá inntur út í tímaskráningu varðandi masaze og detox á fjórðu blaðsíðu á dskj. nr. 4. Sagðist ákærði ekki hafa skrifað þetta, en hann sagðist hins vegar vera nuddari. Ákærði var nú spurður út í lista á bls. 539 í gögnum málsins. Var ákærða bent á að samkvæmt skýrslu á bls. 87 í gögnum hefðu flestir þessara muna fundist heima hjá ákærða fyrir utan þá muni, sem merktir væru seldir á listanum. Sagðist ákærði ekki

hafa skrifað þetta, en vel gæti verið að Jurek hafi gert lista yfir muni sem hann hefði látið hann hafa.

Þá var skjal á dskj. nr. 9 borið undir ákærða, en um væri að ræða tilkynningu til ákærða um sendingu frá útlöndum frá Andrzej Kamienski, sem ákærði sagði að væri faðir sinn. Aftan á tilkynningunni, sem fundist hefði við húsleit á heimili ákærða, væri handskrifuð heiti á nokkrum tölvum ásamt verðum og fleira. Sagðist ákærði ekki vita hvað þetta væri. Þetta væri eitthvað gamalt og sagðist hann ekki muna eftir þessu. Hann sagði að þetta væri ekki hans skrif og sagðist hann ekki vita hver skrifaði þetta.

Ákærði kvaðst neita alfarið sök að því er varðaði 2. kafla ákærunnar, ákæruliði 2.1-2.5.

Þessu næst var ákærði spurður út í framburði vitna, sem hefðu borið um það hjá lögreglu að hafa keypt af honum muni, sbr. 2. kafla ákærunnar, sem síðar hefði komið í ljós að var þýfi. Var ákærði spurður um skýringar á þessu. Sagðist ákærði hafa selt sjónvarpstækin í lið 2.1 og 2.3 þeim Kinga Edyta Las og Emilia Paulina, en þær væru systur. Hann sagði að þær hefðu komið til hans ásamt vinum hans og keypt þessi tvö sjónvarpstæki. Sagðist ákærði hafa farið einn með sjónvarpstækin til þeirra og afhent þeim tækin á sama tíma. Ákærða var þá bent á að hjá lögreglu hefði hann borið um það að hafa farið með sjónvarpstækin til þeirra ásamt vini sínum. Sagði ákærði þá að vinur hans hefði hjálpað honum við að taka sjónvarpstækin úr bílnum.

Ákærði vildi ekki tjá sig um það hvort hann hefði selt Anetu Sienda og Mateusz Konopelski sjónvarpstæki, sbr. lið 2.2.

Ákærði neitaði því að hafa selt Michal Marzalek Cintamani fatnað, sbr. lið 2.5. Sagði ákærði að Micahl hefði fengið þennan fatnað hjá honum, en hann hefði skilað honum og ekki greitt fyrir hann. Sagðist ákærði hafa látið hann fá þetta til sýna öðrum fatnaðinn. Ákærða var þá bent á að bæði Michal og Iwona hefðu lagt inn á hann peninga, sbr. dskj. nr. 7. Sagðist ákærði þá hafa lánað þeim peninga. Ákærða var þá bent á að hann hefði játað hjá lögreglu að hafa selt tvær Cintamani úlpur. Ákærði kannaðist við það, en vildi ekki tjá sig frekar um þetta.

Ákærði neitaði því að hafa selt Kajetan Andrzej Dziura tölvu af gerðinni Sony Vaio. Ákærða var þá bent á framburð Kajetan hjá lögreglu um að hann hefði selt honum þessa tölvu. Sagði ákærði að Kajetan væri ekki að segja satt. Ákærða var bent á að hann hefði játað í skýrslu hjá lögreglu að hafa selt eina fartölvu. Sagði ákærði að það hefði verið önnur fartölva, en neitaði greina frá því hverjum hann seldi hana.

Ákærði neitaði því að hafa selt Marchin Bachara tvær fartölvur og sagði að Marchin væri að ljúga þessu. Hann sagði að Marchin hefði fengið lánaða peninga hjá honum og því hefði hann lagt inn á hann. Ákærði sagði að Ivan Dasko hefði spurt hann um tölvu, en hann sagðist ekki hafa selt Ivan tölvu.

Ákærði sagði að þá muni sem hann hefði játað að hafa selt hefði hann selt til að hjálpa vini, en neitaði að tjá sig um það hver það hefði verið.

Ákærða var bent á að samkvæmt yfirliti yfir bankareikning hans hefði fjöldi manns lagt inn á reikning hans, sbr. dskj. nr. 7. Hann sagði að Emilia hefði keypt sjónvarp af honum og þetta væri greiðsla fyrir það. Hann sagðist ekki muna eftir millifærslu frá Aneta, en þetta gæti verið greiðsla vegna peninga sem hann hefði lánað Matheusi manni hennar. Innborgun frá Iwona væri vegna peningaláns frá ákærða. Sama ætti við um Michal. Anna Gróska væri fyrrverandi kærasta hans og sagði ákærði að þetta væru millifærslur vegna heimilishalds þeirra. Þá sagði ákærði að Radoslaw væri frændi hans og þeir hefðu lánað hvor öðrum og væru millifærslurnar vegna þess. Einnig sagðist ákærði hafa lánað Alicju, Gerard, Marchin, Mariusz, Grzegorz og Marek. Hann sagðist hins vegar ekki muna af hverju Robert Zyznowsky lagði inn á hann og sagðist ekki vita hver hann væri.

Ákærði sagðist hafa verið atvinnulaus í um eitt og hálf ár. Sagðist hann hafa sparað og lagt peninga til hliðar og því hefði hann getað lánað fólki peninga. Einnig hefði hann og bróðir hans keypt bíla, gert við þá og selt þá aftur. Sagðist ákærði hafa verið vel aflögufær. Aðspurður af verjanda sínum sagðist ákærði hafa keypt svolítið á vefsíðunni forum og annars staðar til að selja aftur með smá hagnaði.

Að lokum var ákærða bent á að hann hefði borið um það að hann hefði ekki þekkt þá A og Kamil mjög vel. Í ljósi þessa var ákærði spurður að því af hverju hann hefði verið jafn miklum símasamskiptum við þá eins og gögn málsins bæru með sér. Sagði ákærði þá að þetta væru vinir hans, en ekki þannig að þeir hittust á hverjum degi.

Kamil Nguyen Trong sagði að hann hefði selt allt þýfi úr þeim fjölmörgu innbrotum, sem hann hefði nú verið sakfelldur fyrir, á vefsíðunni forum. Hann neitaði því að hafa selt ákærða þýfi úr þessum innbrotum. Honum var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði hann borið um það að Seba hefði keypt þýfið úr innbroti að Austurhrauni í Garðbæ þar sem Cintamani-fatnaði var stolið og hefði Seba sótt þýfið heim til hans. Sagði vitnið að það væri rétt. Hann sagði aðspurður að ákærði væri ekki þessi Seba. Sagðist hann ekki vita hver þessi Seba væri og sagðist fyrst hafa séð hann þegar hann sótti þýfið. Vitninu var þá bent á að símagögn í málinu sýndu að hann hefði oft verið í símasamskiptum við ákærða bæði fyrir og eftir innbrot og síðan hefðu fundist munir úr þessum innbrotum heima hjá ákærða. Sagði hann þá að þeir ákærði væru kunningjar, þeir hefðu stundum spilað fótbolta sama og hann hefði stundum hringt í hann. Hann sagðist aðspurður ekki vita af hverju munir úr innbrotum, sem hann hefði framið og verið dæmdur fyrir, hefðu fundist heima hjá ákærða. Hann staðfesti að þeir ákærðu væru báðir í fangelsinu á Litla-Hrauni, þó ekki á sama gangi, en sagði að þeir hittust stundum í fangelsinu. Vitninu var bent á að sími vitnisins hefði

verið skoðaður við rannsókn málsins og þar væri símanúmer ákærða vistað undir nafninu Seba Ogarniacz. Sagði vitnið að Seba væri stytting á nafninu Sebastian. Honum var einnig bent á að hann hefði verið að hringja í ákærða í kringum innbrotin. Vitnið sagðist ekki muna eftir því. Aðspurður sagði vitnið að ákærði væri ekki kallaður Seba. Í símanum væri hins vegar þægilegra að setja inn styttingu á nafninu.

A sagðist hafa selt allt þýfi úr þeim innbrotum sem hann hefði nú verið sakfelldur fyrir á vefsíðunni forum, sem og stráki, sem hann sagðist ekki vita hvað heitir. Vitninu var þá bent á að hann hefði margoft borið um það í skýrslum sínum hjá lögreglu að hann hefði selt manni að nafni Seba þýfi úr þessum innbrotum. Sagði vitnið þá að Seba væri ekki nafn heldur gælunafn. Staðfesti vitnið að hafa selt manni sem kallaður væri Seba margoft þýfi úr mörgum innbrotum. Vitnið var spurt hvernig samskiptum hans og þessa Seba hefði verið háttað og sagði vitnið að þeir hefðu oftast hist einhvers staðar niðri í bæ eftir að innbrotin höfðu verið framin, en þeir hefðu mælt sér mót á mismunandi stöðum. Hann sagðist ekki vita hvort fleiri hefðu selt Seba þýfi en það gæti vel verið. Honum var þá bent á það að hann hefði borið um það hjá lögreglu að fleiri hefðu selt Seba þýfi. Sagði vitnið það að það gæti verið. Vitnið staðfesti að hafa margoft selt Seba þýfi úr þeim innbrotum, sem hann hefði játað að hafa framið. Hann sagði aðspurður að ákærði væri ekki þessi Seba. Hann sagðist þó þekkja þennan strák og sagði að þeir hefðu oft spilað fótbolta saman. Hann sagðist ekki vita hvar Seba ætti heima og sagðist vera búinn að tapa símanúmerinu hans. Vitninu var þá bent á að sími vitnisins hefði verið skoðaður við rannsókn málsins og þar væri símanúmer ákærða vistað undir nafninu Seba. Vitninu var bent á að símagögn í málinu sýndu að hann hefði verið í miklum símasamskiptum við ákærða fyrir og eftir innbrotin, sem hann hefði játað að hafa framið, og síðan hefði fundist þýfi úr þessum innbrotum heima hjá ákærða. Sagðist ákærði ekki geta skýrt það og sagði að kannski væri um tilviljun að ræða. Hann sagði að það gæti vel verið að þeir hefðu verið í miklum símasamskiptum á þessum tíma, en sagðist ekki muna um hvað þeir hefðu rætt. Vitninu var einnig bent á að við skýrslutökur hjá lögreglu 31. janúar sl., á meðan hann hefði enn verið í einangrun, hefði hann borið um það að hafa selt Seba mest af þýfinu úr innbrotum að Borgartúni, Kópavogsbarði, Glitbergi, Fjóluvöllum, Furuvöllum, Austurhrauni og Digranesheiði og síðan hefði þýfi fundist úr þessum sömu innbrotum heima hjá ákærða. Sagðist vitnið ekki hafa skýringu á þessu. Vitnið sagði að honum hefði verið sýnd mynd af ákærða á lögreglustöðinni og hefði verið um eina eða tvær myndir að ræða.

Vitnið sagðist hafa spilað fótbolta við ákærða og einnig staðfesti hann að ákærði þekkti bróður hans. Sagðist vitnið vera í afplánun í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg. Vitnið neitaði því að einhver hefði talað við hann um málið eftir að hann losnaði úr einangrun. Sagðist hann ekki hafa breytt framburði sínum. Lögreglan

hefði alltaf talað um Sebastian, en hann sagðist aðeins hafa þekkt ákærða undir gælunafni. Sagðist hann fyrst hafa áttað sig á því um hvaða mann þeir voru að tala þegar honum hefði verið sýnd mynd af ákærða.

Lukasz Orzechowsky sagði að þýfið úr þeim fjölmörgu innbrotum á höfuðborgarsvæðinu, sem hann hefði framið og hlotið dóm fyrir, hefði mest allt verið selt. Sagðist hann ekki vita hverjum það var selt þar sem hann hefði ekki komið nálægt sölunni. Honum var þá bent á að í skýrslu sinni hjá lögreglu hefði hann borið um það að Seba hefði keypt þýfi úr innbroti að Austurhrauni í Garðabæ þar sem Cintamani-fatnaði hefði verið stolið. Hann sagði að það væri rétt. Sagðist hann ekki þekkja þennan Seba vel og aldrei hafa hitt hann. Hann sagðist því ekki þekkja hann í sjón. Honum var þá bent á að í lögregluskýrslu hefði hann borið um það að hafa talað nokkrum sinnum við Seba og að hann myndi þekkja Seba á mynd. Hann hefði t.d. hitt Seba heima hjá Kamil þegar hann kom að sækja Cintamani-úlpurnar. Sagðist vitnið þá ekki hafa talað við Seba augliti til auglitis. Síðan sagði vitnið að hann hefði verið í öðru herbergi þegar Seba kom heim til Kamils og ekki hafa hitt hann. Vitnið var beðið um skýringar á þessum breytta framburði og sagðist vitnið þá ekki þekka Seba. Þótt hann hefði hitt Seba tvisvar gæti hann ekki sagt að hann þekkti hann. Það að sjá mann væri ekki það sama og að hitta hann.

Emilia Paulina sagði að hún hefði látið alla vini sína vita af því í nóvember sl. að hún væri að leita að sjónvarpi og beðið þá um að láta sig vita ef þeir vissu um sjónvarpstæki til sölu. Daginn eftir hefði ákærði hringt í hana og tjáð henni að hann væri með sjónvarpstæki fyrir hana. Hann hefði síðan komið einn með tækið heim til hennar. Tækið hefði verið á hagstæðu verði og því hefði hún keypt það. Um hefði verið að ræða 42 tommu sjónvarpstæki af gerðinni Samsung. Hún sagðist ekki hafa þekkt ákærða. Sagðist hún hafa greitt kaupverðið með því að millifæra á reikning ákærða í tveimur greiðslum. Hún sagði aðspurð að ákærði hefði boðið henni tölvu og Ipod-spilara til sölu, en hún hefði ekki haft áhuga á því.

Michal Marzalek sagðist hafa kynnst ákærða í íslenskuskóla í Kópavogi. Hann staðfesti að hafa ætlað að kaupa Cintamani-fatnað af ákærða, en sagði að honum hefði ekki litist á þetta og því hefði hann skilað fatnaðinum aftur. Um hefði verið að ræða fimm flíspeysur og fimm úlpur frá Cintamani. Hann sagðist ekki muna hvenær þetta var. Sagðist hann ekki hafa verið búinn að borga fyrir fatnaðinn þegar hann skilaði honum. Hann sagðist hafa verið í heimsókn hjá ákærða þegar ákærði sagði honum að hann væri með þennan fatnað til sölu og hann gæti fengið hann á 40.000 krónur. Sagðist vitnið hafa tekið fatnaðinn með sér heim, en síðan hefði honum fundist þetta ekki vera alveg í lagi og því hefði hann ákveðið að skila fatnaðinum aftur. Hann sagði að kærastan hans hefði einnig sagt honum að skila þessu. Sagðist hann hafa ætlað að borga ákærða með því að millifæra á reikninginn hans. Vitninu var þá bent á að gögn

málsins sýndu að hann og kona hans Iwona hefðu greitt nokkrum sinnum inn á reikning ákærða frá því síðastliðið sumar. Sagði vitnið þá að þau hefðu fengið peninga lánaða hjá honum. Hann sagðist ekki hafa keypt neitt fleira af ákærða.

Iwona Barbara Dabrowska sagðist ekki þekkja ákærða persónulega, en sagði að kærastinn hennar hefði verið með ákærða í skóla. Hún sagði að þau hefðu ekki keypt neitt af ákærða og ekki ætlað að gera það. Henni var þá bent á að hjá lögreglu hefði hún borið um það að kærastinn hennar hefði ætlað að kaupa Cintamani-fatnað af ákærða en að þau hefðu skilað honum aftur. Sagði hún þá að þau hefðu ekki keypt fatnaðinn því þau vissu ekki hvaðan hann kom. Sagðist hún hafa sagt kærasta sínum að skila þessu. Aðspurð sagðist hún ekki muna hvenær þetta var. Hún sagðist ekki að halda að Michal hefði verið búinn að greiða fyrir fatnaðinn þegar þau skiluðu honum. Henni var þá bent á að gögn málsins sýndu að þau hefðu nokkrum sinnum greitt inn á reikning ákærða frá því síðastliðið sumar og sagði hún þá að ákærði hefði nokkrum sinnum lánað þeim pening. Hún var þá spurð að því af hverju ákærði hefði lánað þeim peninga í ljósi þess að þau þekktu hann ekki mikið. Sagði hún að þau hefðu bara spurt hann að því hvort hann gæti lánað þeim og það hefði hann getað. Hún sagði að þau hefðu ekki keypt neitt af ákærða.

Kinga Edyta Las sagðist hafa hitt ákærða einu sinni, en þá hefði hún keypt sjónvarpstæki af ákærða á 70.000 krónur og sagðist hún hafa greitt kaupverðið með reiðufé. Hún sagðist hafa frétt það frá kunningja mannsins síns að ákærði seldi muni. Hún sagði að sjónvarpstækið hefði verið af gerðinni Prolux. Hún sagði að ákærði hefði komið með sjónvarpstækið heim til systur hennar Emiliu Paulina, en vitnið sagðist hafa búið hjá henni á þessum tíma. Hún sagði að þær systur hefðu báðar keypt sjónvarpstæki af ákærða, sem hefði verið einn á ferð þegar hann afhenti tækin. Loks sagðist hún ekki hafa keypt neitt fleira af ákærða.

Patryk Marek Suchocki sagði að ákærði væri kunningi hans. Hann sagðist ekki hafa átt nein viðskipti við hann og ekki látið honum í té neina muni. Honum var þá bent á að í skýrslu hjá lögreglu hefði hann borið um það að hafa látið ákærða fá GPS-tæki, sem einhverjir strákar voru með í fórum sínum. Hann sagði að rétt væri að hann hefði hringt í Sebastian og látið hann vita af þessu tæki, en sjálfur hefði hann ekki afhent tækið. Hann sagðist ekki hafa vitað að um þýfi væri að ræða og þá hefði hann ekki vitað að ákærði væri að sækjast eftir þýfi. Hann sagði að þeir ákærði hefðu oft spjallað saman yfir bjór og þar hefði komið fram að ákærði hafði áhuga á alls kyns raftækjum, en ekki sem þýfi. Hann sagði að ákærði hefði aldrei boðið honum neina muni til kaups og sagðist ekki hafa vitað að hann væri að selja muni.

Anna Szymajda sagðist búa að Krókamýri 80 í Garðabæ ásamt ákærða og bróður hans, Krystian, sem væri kærasti hennar. Henni var bent á að ýmsir munir hefðu fundist við húsleit á heimili þeirra. Sagðist hún ekki vita af hverju þessir munir

voru þarna eða hvernig þeir bárust inn á heimili. Hún sagði að engir þessara muna hefðu verið í herbergi hennar.

Krystian Kamienski, bróðir ákærða, skoraðist undan því að gefa skýrslu í málinu með heimild í b-lið 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ivan Dasko sagði að tölvan sín hefði bilað og hann hefði verið að leita sér að nýrri tölvu. Sagðist hann hafa hringt víða til að athuga hvort fólk vissi um notaða tölvu til sölu og þá hefði hann fengið númerið hjá ákærða hjá þriðja aðila, sem hann sagðist ekki muna lengur hver var. Sagðist hann hafa prófað að hringja í ákærða og hann hefði boðið honum að kaupa Apple-tölvu. Hann sagðist hins vegar ekkert hafa keypt af ákærða því hann hefði ekki fengið peninga í bankanum og einnig hefði hann verið upptekinn í vinnu. Aðspurður sagðist hann ekki muna hvernig ákærði var skráður í símanum hans. Ákærða var þá bent á að við skoðun á síma hans hefði komið í ljós að símanúmer ákærða var vistað undir orðinu „slotaj“. Sagði vitnið að það þýddi „einhver sem selur“. Hann sagðist ekki minnst þess að ákærði hefði boðið honum eitthvað fleira til kaups.

Mateusz Konopelski sagðist hafa kynnst ákærða á íslenskunámskeiði. Hann sagðist aldrei hafa keypt neitt af ákærða. Hann sagði að ekki væri rétt, sem fram hefði komið hjá ákærða í skýrslu hans hjá lögreglu að hann hefði selt vitninu flatskjá af gerðinni Philips, sem lögregla hefði haldlagt hjá vitninu. Sagðist vitnið hafa keypt umrætt sjónvarpstæki af stráki fyrir utan Kolaportið fyrir jólin. Sagðist hann hafa verið staddur þar og þá hefði þessi strákur komið til hans og spurt hann hvort hann væri frá Póllandi, en vitnið sagði að strákurinn hefði sennilega verið frá Rússlandi eða Litháen. Hann hefði síðan spurt vitnið að því hvort hann vildi kaupa eitthvað og sagst vera með nokkra hluti í bílnum, sem hann gæti selt honum. Sagðist hann hafa séð sjónvarpstækið í bílnum og litist vel á það og því hefði hann ákveðið að kaupa það. Hann sagðist hins vegar ekki hafa verið með pening á sér og hefði hann því mælt sér mót við manninn uppi í Mjódd og þar hefði hann innt greiðsluna af hendi. Hann var þá spurður að því hvers vegna kærasta hans Aneta hefði lagt peninga inn á reikning ákærða 14. desember 2010. Sagðist hann ekki vita það, en sagðist halda að Adrian, bróðir Anetu, hefði beðið hana um að leggja peninga inn á reikning ákærða. Honum var þá bent á að ákærði hefði borið um það hjá lögreglu að þau hefðu greitt fyrir sjónvarpstækið með því að greiða inn á reikning hans. Sagði vitnið þá að það væri ekki satt. Hann var þá spurður að því af hverju hann hefði verið í símasamskiptum við ákærða þann 14. og 15. desember 2010 eða á sama tíma og greitt var inn á reikninginn. Sagði hann að þeir hefðu sennilega bara verið að spjalla saman, en þeir hefðu verið saman í skóla.

Aneta Sienda sagðist ekki þekkja ákærða, en sagði að bróðir hennar hefði beðið hana um að leggja peninga inn á reikning ákærða, en bróðir hennar hefði greitt

henni í peningum. Hún sagðist ekkert hafa keypt af ákærða. Henni var þá bent á að ákærði hefði jatað fyrir lögreglu að hafa selt kærasta hennar, Mateusz, flatskjá af gerðinni Philips, sem haldlagður hefði verið á heimili þeirra. Hún sagði að Mateusz hefði einn daginn komið heim með þetta sjónvarp og fært þeim þetta sem gjöf. Hún sagði að Mateusz hefði tjáð henni að hann hefði keypt tækið í Kolaportinu. Hún var þá spurð að því af hverju hún hefði greitt inn á reikning ákærða 14. desember 2010 og síðan aftur 3. janúar 2011. Sagðist hún hafa gert þetta að beiðni bróður síns, enda hefði hann greitt henni með peningum. Henni var þá bent á að ákærði hefði borið um það hjá lögreglu að þau, þ.e. vitnið og Mateusz hefðu greitt fyrir sjónvarpstækið með því að leggja inn á reikning hans. Sagðist hún ekkert vita um það.

Kajetan Andrzej Dziura sagðist hafa kynnst ákærða á námskeiði. Hann sagðist hafa keypt eina tölvu af ákærða af gerðinni Sony Vaio. Hann sagði að ákærði hefði sýnt sér nokkrar tölvur í bílnum þar sem þeir voru staddir á bílastæði og sagðist hann hafa valið sér eina. Hann sagðist hafa greitt ákærða 35.000 krónur í reiðufé. Hann sagði að ákærði hefði boðið sér fleira til sölu, t.d. Playstation-tæki með því að senda honum nokkrum sinnum sms-skeyti. Hann sagðist hins vegar ekki hafa keypt neitt annað en áðurgreinda tölvu af ákærða.

S.Á., sérfræðingur hjá lögreglunni, sagðist hafa fengið útskrift af símanotkun ákærða frá september 2010 fram í janúar 2011 og sagðist hann hafa kortlagt símanotkun hans, þ.e. við hverja hann hefði átt símasamskipti á þessum tíma og hvort hann hefði verið í samskiptum við þá, sem voru grunaðir um fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu á þessu sama tímabili. Sagðist hann hafa sett símanotkun ákærða upp á tímalínu þar sem komið hefði fram að ákærði var í samskiptum við innbrotspjófana, A og Kamil, nokkuð oft á þeim tíma þegar innbrotin áttu sér stað. Ótvírætt hefði komið fram að ákærði var í samskiptum við þá A og Kamil og mynstrið hefði verið á þá þann veg að samskiptin áttu sér stað í kringum innbrotin, sem A og Kamil höfðu jatað á sig. Hann sagði að á tímabilinu frá apríl og fram í september 2010 hefðu einnig verið tíð samskipti á milli þessara manna og þá hefðu þau oft átt sér stað í kringum innbrotin. Hann sagði að símasamskiptin á milli þessara manna hefðu ekki verið með jöfnum hætti, þ.e. ekki daglega, en segja mætti að samskiptin hefðu óvenju oft verið á þeim tímum þegar innbrotin áttu sér stað. Samskiptin væru óvenju oft sama dag, daginn áður eða daginn eftir að innbrotin áttu sér stað. Hann sagði að gögnin sýndu öll símasamskipti ákærða við innbrotspjófana á þessum tímabili, þ.e. frá apríl 2010 og fram í janúar 2011.

Jón Gunnar Sigurgeirsson sagði að sér hefði verið falið að hafa umsjón með rannsókn sem lyti að því að hafa uppi á þýfi úr fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu, en fjöldi manna hefði verið handtekinn og settur í gæsluvarðhald vegna þeirra innbrota. Sagðist hann hafa fengið gögn í hendurnar, sem sýndu fram á tengsl hinna

sakborninganna við ákærða í máli þessu og sagðist hann hafa rannsakað þau tengsl. Við húsleit á heimili ákærða 4. febrúar sl. hefði lögregla fundið mikið af þýfi í herbergi ákærða og geymslu, sem og í aukaherbergi íbúðar ákærða. Einnig hefði fundist þýfi í bílskúr, sem ákærði og bróðir hans, Krystian, hefðu verið með á leigu í Kópavogi. Hann sagði að tekist hefði að rekja megnið af þessum hlutum til fjölda innbrota, sem verið hefðu til rannsóknar hjá lögreglunni. Um hefði verið að ræða innbrot sem þeir sakborningar, sem voru í gæsluvarðhaldi, höfðu játað, en einnig hefðu sumir munanna verið raktir til fleiri innbrota, sem áðurgreindir sakborningar höfðu ekki játað.

III.

Ekki er fallist á með ákærða að vísa beri frá dómi ákæruliðum nr. 1.1-1.4, 1.12-1.13, 1.17, 1.20-1.21, 1.23 og 2.2 vegna ónógrar tilgreiningar á brotaandlagi. Telja verður að lýsing á háttsemi ákærða í framangreindum ákæruliðum uppfylli kröfur um skýrleika ákæru, sbr. c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærða er í fyrsta lagi gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum muni þá, sem greinir í ákæruliðum 1.1-1.26 á heimili sínu að Krókamýri 80 og í bílskúr að Álfhólsvegi 125, vitandi að um þýfi væri að ræða og þannig haldið mununum ólöglega fyrir eigendum þeirra.

Verður nú fyrst vikið að ákæruliðum 1.2-1.6, 1.9-1.12, 1.14, 1.16, 1.18 og 1.20-1.21.

Eins og áður greinir voru þeir A, Kamil Nguyen-Trong og Lukasz Orzechowski, ásamt Lukasz Bartosz Mozwilo, með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. apríl 2011, sakfelldir fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot sem framin voru með því að brjótast inn í íbúðarhús, verslunarhúsnæði og hótél og gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2009, 2010 og 2011, en ákærðu í því máli játuðu skýlaust alla þá háttsemi sem þeim var gefin að sök í ákærinni, sem var alls í 75 liðum. Þar á meðal voru innbrot í verslunarhúsnæði að Austurhrauni 3 í Garðabæ, íbúðarhúsnæði að Furuvöllum 27, Fjóluvöllum 1, Glitbergi 5 og Þrastarási 21, allt í Hafnarfirði, íbúðarhúsnæði að Kópavogsbarði 17 og Digranesheiði 34 í Kópavogi, íbúðarhúsnæði að Þingási 4 og 13 í Reykjavík og loks herbergi á eftirtöldum hótélum og gististöðum í Reykjavík: Hótél Fróni, Laugavegi 22a, Hótél Plaza við Aðalstræti 4, Farfuglaheimilinu Laugardal, Hótél Cabin, Borgartúni 32 og Gistiheimilinu Brautarholti 6.

Vitnið A staðfesti hér fyrir dómi að hafa margoft selt manni að nafni Seba þýfi úr þeim fjölmörgu innbrotum sem hann hefði framið. Hjá lögreglu bar vitnið um það að hafa selt Seba þýfi úr innbrotum að Kópavogsbarði, Glitbergi, Fjóluvöllum,

Furuvöllum, Þrastarási, Austurhrauni, Digranesheiði og í Hótel Cabin að Borgartúni og Hótel Frón að Laugavegi. Vitnin Kamil og Lukasz staðfestu einnig hér fyrir dómi að maður að nafni Seba hefði keypt þýfið úr innbroti að Austurhrauni 3 og að sá maður hefði sótt þýfið á heimili Kamils. Vitnin A og Kamil héldu því hins vegar fram að ákærði væri ekki umræddur maður, þ.e. Seba og vitnið Lukasz hélt því fram að hann þekkt ekki áðurgreindan Seba í sjón.

Vitnin A og Kamil sögðust báðir þekkja ákærða og sögðust. m.a. hafa spilað með honum fótbolta. Þá staðfesti vitnið A að ákærði og bróðir vitnisins þekktust.

Ákærði hefur borið um að símanúmer hans sé 858-7754. Við skoðun á símtækjum þeirra A og Kamils kom í ljós að áðurgreint símanúmer ákærða var vistað í síma Kamils undir nafninu Seba Ogarniacz og í síma A undir annars vegar nafninu Seba is og hins vegar nafninu Seba. Vitnið Kamil sagði að Seba væri stytting á nafninu Sebastian.

Þá leiddi rannsókn á samskiptum á milli símanúmera ákærða og vitnanna A og Kamils í ljós að á tímabilinu frá apríl 2010 og fram í janúar 2011 var ákærði í tíðum samskiptum við þá A og Kamil og þá sérstaklega í kringum innbrotin, sem þeir hafa játað að hafa framið ásamt vitninu Lukasz. Þykir ljóst af gögnum málsins að símasamskipti þeirra áttu sér óvenju oft stað í kringum innbrotin, þ.e. bæði daginn áður, sama dag og daginn eftir að innbrotin áttu sér stað.

Loks er ljóst af gögnum málsins að þýfi úr innbrotum, sem vitnin A, Kamil og Lukasz hafa játað að hafa framið, þ.e. að Austurhrauni 3 í Garðabæ, Furuvöllum 27, Fjóluvöllum 1, Glitbergi 5 og Þrastarási 21, Kópavogsbarði 17, Digranesheiði 34, Þingási 4 og 13, Hótel Fróni, Laugavegi 22a, Hótal Plaza við Aðalstræti 4, Farfuglaheimilinu Laugardal, Hótel Cabin, Borgartúni 32 og Gistiheimilinu Brautarholti 6, fannst í vörslum ákærða á heimili hans að Krókamyri 80 í Garðabæ og í bílskúr að Álfhólsvegi 125 í Kópavogi.

Í ljósi alls framangreinds þykir í ljós leitt að ákærði er sá sami Seba og vitnin A, Kamil og Lukasz hafa borið um að keypt hafi af þeim þýfi.

Ákærði hefur borið um það að mikið af þeim munum sem fundust í fórum hans hefði maður að nafni Jurek komið með á heimili hans og beðið hann um að selja fyrir sig. Hefði Jurek þessi komið í tvígang til hans með muni, bæði fyrir jóla og eftir áramót. Ákærði kunnir engin frekari deili á þessum manni og kvaðst ekki vita hvert fullt nafn hans væri, hvar hann byggi eða hvaða símanúmer hann hefði. Hjá lögreglu kvaðst ákærði í fyrstu hafa fengið muni í eitt skipti frá Jurek og það hefði verið fyrir jóla. Eftir að í ljós kom að á heimili hans fannst þýfi úr innbrotum, sem áttu sér stað eftir það tímamark, kvaðst ákærði hafa fengið muni í tvígang frá Jurek og í seinna skiptið eftir áramót. Þá hefur ákærði borið um að stílabók, sem fannst í fórum hans, sé frá fyrrgreindum Jurek, en þó er stílabókin merkt ákærða. Fram kemur í gögnum

málsins að við rannsókn lögreglu á símagögnum, gögnum frá banka, vitnayfirheyrslum og öðrum gögnum málsins hafi ekkert komið fram sem benti til þess að þessi maður, Jurek, sé yfir höfuð til. Með vísan til alls framangreinds þykir mikill ólíkindablær yfir framburði ákærða varðandi áðurgreindan Jurek og þykir ljóst að framburður ákærða um mann þennan er uppspuni.

Þá bar ákærði um það í fyrstu hjá lögreglu að hann hefði sjaldan símasamband við vitnið A, sennilega aðeins einu sinni í mánuði. Samkvæmt framlögðum símagögnum hafði ákærði hins vegar ítrekað símasamband við A. Með vísan til alls framangreinds þykir framburður ákærða um tengsl sín við vitnin A og Kamil og hvaðan munirnir, sem fundust á heimili hans komu, afar ótrúverðugur.

Í ljósi framangreinds og með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum þykir sannað að ákærði hafi tekið við munum, sem greinir í ákæruliðum 1.2-1.6, 1.9-1.12, 1.14, 1.16, 1.18 og 1.20-1.21, frá vitnunum A, Kamil og Lukasz vitandi að um þýfi var að ræða og haldið þannig munum ólöglega fyrir eigendum þeirra.

Þá verður vikið að öðrum ákæruliðum í 1. kafla ákærunnar.

Ákæruliður 1.1.

Ákærði hefur játað að hafa haft umrætt myndavélakort í fórum sínum, en kvaðst ekki hafa vitað að það væri þýfi. Samkvæmt skýrslu lögreglu voru á minniskortinu myndir af Íslendingum á ferðalagi í Grikklandi og tókst að rekja myndirnar til heimilismanna að Bjarnhólastíg 22 í Kópavogi (ekki 2 eins og greinir í ákæru) en þar var brotist inn 24. september 2010 og myndavél af gerðinni Sony Cybershot stolið, en myndarnar á kortinu eru teknar á sams konar myndavél. Þykir því ljóst að minniskortið er þýfi úr því innbroti.

Vitnið A staðfesti hér fyrir dómi að ákærði hefði keypt þýfi af fleirum en honum. Með hliðsjón af þessum framburði og því að ákærði hefur enga grein getað gert fyrir því hvernig myndavélakortið komist í vörslur hans, svo og með vísan til ótrúverðugs framburðar ákærða í málinu að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákærulið 1.1.

Ákæruliðir 1.7 og 1.8.

Með vísan til ótrúverðugs framburðar ákærða um að maður að nafni Jurek hafi komið með muni þá sem greinir í ákærulið 1.7 á heimili hans, áðurgreinds framburðar vitnisins A um að fleiri en hann hafi selt ákærða þýfi og þess að ákærði var með a.m.k. þrjá muni úr innbrotinu að Úlfarfellsvegi 31 í fórum sínum, sbr. ákærulið 2.3, þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákærulið 1.7.

Ákærði hefur borið um það að hann hafi keypt karlmannsúrið, sem tilgreint er í ákærulið 1.8 í Póllandi, en kvaðst ekki muna hvaðan dvd-ferðaspilarinn kom. Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum þykir í ljós leitt að úrið var selt í verslun á Íslandi. Með vísan til sömu skýrslu hefur verið staðfest að úrið og dvd-ferðaspilarinn, sem og sjónvarpstæki í ákærulið 2.1., er þýfi úr innbroti að Háteigsvegi 3 í Reykjavík. Með hliðsjón af ótrúverðugum framburði ákærða í málinu og því að ákærði var með a.m.k. þrjá muni úr innbrotinu að Háteigsvegi 3 í Reykjavík í fórum sínum, sbr. ákærulið 2.1. þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákærulið 1.8.

Ákæruliður 1.13.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að tölvan er þýfi úr innbroti að Tröllateigi 49. Með vísan til ótrúverðugs framburðar ákærða um að maður að nafni Jurek hefði komið með aðra hvora tölvuna í ákærulið 1.12 eða 1.13, en aðra hefði hann keypt af vini sínum, svo og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.15.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að farsími af gerðinni Blackberry 7290 er þýfi úr innbroti að Melahvarfi 5. Ákærði bar um það að síminn væri gamall farsími, sem hefði verið í töskunni frá Jurek. Með vísan til fyrr rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða um mann að nafni Jurek og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.17.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að myndavél af gerðinni Ricoh, tveir flatskjáir af gerðinni Philips og fartölva af gerðinni Apple Powerbook G4 15 er þýfi úr innbroti að Háteigsvegi 2 í Reykjavík, en á einu af hinum haldlögðu minniskortum voru ljósmyndir, sem teknar höfðu verið á myndavél af áðurgreindri gerð. Á því minniskorti var einnig ein mynd tekin á Richo-myndavélina hinn 12. júní 2010 af fyrrverandi kærustu ákærða.

Ákærði gat enga grein gert fyrir því hvernig framangreind myndavél og tveir flatskjáir komu í vörslur hans. Þá bar hann um að félagi hans Jurek hefði komið með Apple-fartölvuna. Með vísan til fyrri rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða, svo og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.19.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að tveir silfurpeningar, sem slegnir voru í tilefni árið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, er þýfi úr innbroti að Markarflöt 24.

Ákærði bar um það að hafa keypt þessa muni sér til gamans á vefsíðunni forum á 500 og 1000 krónur. Í skýrslu lögreglu bar vitnið Lukasz Orzechowski um að hann kannaðist við húsnæðið að Markarflöt 24 og kvaðst hafa ekið A og Kamil á staðinn. Ljóst er af gögnum málsins að ákærði var í miklum símasamskiptum við vitnið A á sama tíma og innbrotið átti sér stað. Með vísan til ótrúverðugs framburðar ákærða um það hvernig munir þessir komu í hans vörslur og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.22.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að myndavél af gerðinni Olympus FE-270, er þýfi úr innbroti að Kirkjuteigi 17, en í minni vélarinnar var ljósmynd tekin 23. júní 2010 af myndavél sömu gerðar og tekin var í sama innbroti.

Ákærði hefur borið um það að sennilega hafi Jurek komið með þessa myndavél til hans. Með vísan til fyrri rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða að því er varðar mann að nafni Jurek og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.23.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að verkfæri, sem fundust í bílskúr ákærða að Álfrólsvægi 125 eru þýfi úr innbroti að Jörfabakka 26-32, en um nákvæmlega sömu verkfæri er að ræða og tilkynnt var hinn 17. desember 2010 að stolið hefði verið í áðurgreindu innbroti.

Ákærði hefur ekki getað gefið trúverðugar skýringar á því hvernig umrædd verkfæri komust í vörslur hans. Með vísan til þess og ótrúverðugs framburðar hans og gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.24.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að leikjatölva af gerðinni Playstation 3 slim er þýfi úr innbroti að Ásabraut 31 í Sandgerði.

Ákærði hefur borið um það að umrædd leikjatölva sé frá Jurek. Með vísan til fyrri rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða að því er varðar mann að nafni Jurek og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir

skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.25.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að Garmin GPS staðsetningartækið er þýfi úr innbroti í bifreið að Rjúpufelli 19, en í skýrslunni kemur fram að búið hafi verið að lita yfir raðnúmer tækisins með svörtum túss.

Ákærða varð margsaga um það hvernig tækið komst í vörslur hans. Með vísan til þess, fyrri rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða og gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 1.26.

Með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á haldlögðum munum er staðfest að Ipod Touch spilara var stolið úr búningsklefa í íþróttahúsinu að Versölum 3 hinn 25. janúar 2011.

Myndir úr öryggiskerfi af geranda bar saman við grunaðan í málinu, Dawid Niescier, sbr. skýrslu lögreglu dags. 21. febrúar 2010, en þar kemur fram að Dawid er frændi ákærða. Rannsókn á sms-skilaboðum í farsíma ákærða leiddu og í ljós að maður að nafni Dawid bauð ákærða margoft ýmis raftæki til sölu í janúar 2011.

Ákærði kvaðst eiga áðurgreindan spilara. Með vísan til þess að staðfest hefur verið að umræddum Ipod-spilara var stolið í greint sinn, ákærði hefur ekki gefið trúverðuga skýringu á því hvernig spilarinn komst í vörslur hans, svo og með vísan til fyrri rökstuðnings um ótrúverðugan framburð ákærða og gagna málsins að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Í öðru lagi er ákærða gefið að sök að hafa á tímabilinu frá september 2010 til febrúar 2011 selt muni þá sem greinir í ákæruliðum 2.1-2.5 og sem haldlagðir voru af lögreglu í febrúar 2011, vitandi að um þýfi væri að ræða og þannig tekið þátt í ávinningnum af þeim innbrotum sem þýfið er úr.

Ákærði hefur alfarið neitað sök að því varðar framangreinda ákæruliði.

Eins og fram hefur komið liggja frammi í málinu útprentanir af smáskilaboðum úr síma ákærða, þar sem ekki þykir fara á milli mála að ákærði býður ýmis raftæki til kaups, svo sem fartölvur, leikjatölvur og síma, og fær einnig tilboð um kaup á slíkum vörum frá öðrum. Einnig liggja frammi í málinu ljósrít úr dagbók, sem merkt er ákærða, sem og blöð úr dagbókinni og tilkynning um sendingu frá útlöndum, sem ritað hefur verið aftan á, en öll þessi gögn voru haldlögð á heimili ákærða. Í þessum gögnum getur að líta lista yfir hin ýmsu raftæki, svo sem fartölvur, síma, myndavélar, Ipod-spilara, sjónvarpstæki o.fl. ásamt fjárhæðum og jafnframt hefur

verið merkt við suma munina að þeir séu seldir. Einnig getur að líta í þessum gögnum lista af nöfnum ásamt fjárhæðum með yfirskriftinni „skulda“ og lista af nöfnum ásamt fjárhæðum með yfirskriftinni „ég skulda“. Þá er á meðal gagna málsins útprentanir af hreyfingum á bankareikningum ákærða þar sem fram koma millifærslur af og á reikninga hans frá ýmsum aðilum á tímabilinu 1. janúar 2010 til 3. febrúar 2011. Innborganir frá 14 einstaklingum á þessu tímabili inn á reikning ákærða nema alls 1.316.000 krónum, en útborgun frá ákærða til sömu einstaklinga nema samtals 267.000 krónum.

Þá hafa vitnin Emilia Paulina, Ivan Dasko og Kajetan Andrzej Dziura borið hér fyrir dómi að ákærði hafi boðið þeim hin ýmsu tæki til kaups, svo sem tölvur, Ipod-spilara og leikjatölvu. Einnig bar vitnið Patryk Marek Souchocki hér fyrir dómi að hann hefði látið ákærða vita af GPS-tæki, sem hann vissi að einhverjir strákar væru með til sölu, en hann sagðist hafa vitað að ákærði hefði áhuga á alls kyns raftækjum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu og öðrum gögnum málsins þykir ljóst að ákærði stundaði umfangsmikil og skipulögð viðskipti með þýfi.

Ákæruliðir 2.1. og 2.3.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt þeim Kinga Edyta Las og Emilia Paulina sjónvarpstæki þau er greinir í þessum ákæruliðum. Á sama veg hafa vitnin Kinga og Emilia borið hér fyrir dómi. Umrædd sjónvarpstæki voru haldlögð á heimili þeirra við rannsókn málsins. Eins og áður greinir þykir sannað að sjónvarpstækið í ákærulið 2.1. sé þýfi úr innbroti að Háteigsvegi 3 í Reykjavík og að sjónvarpstækið í ákærulið 2.3 sé þýfi úr innbroti að Úlfarfellsvegi 31. Þá þykir í ljós leitt að ákærði vissi að um þýfi var að ræða. Með vísan til framangreinds þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákæruliðum.

Ákæruliður 2.2.

Eins og áður greinir þykir ljóst að sjónvarpstækið, sem greinir í þessum ákærulið sé þýfi úr innbroti að Þrastarási 53, en það var haldlagt á heimili Anetu Sienda og Mateuszar Konopelski við rannsókn málsins. Hér fyrir dómi kaus ákærði að tjá sig ekki um þennan ákærulið og vitnin Aneta og Mateusz könnuðust ekki við það að hafa keypt tækið af ákærða og kváðust reyndar aldrei hafa keypt neitt af honum. Kvaðst Mateusz hafa keypt tækið af ókunnugum manni fyrir utan Kolaportið skömmu fyrir jól. Í skýrslu sinni hjá lögreglu bar ákærði hins vegar um það að hafa selt Metuszi Konopelski umrætt sjónvarpstæki í desember 2010 og að Mateusz eða kærasta hans hefðu greitt fyrir tækið með því að millifæra á reikning hans. Á framlögðu yfirliti yfir bankareikning ákærða kemur fram að vitnið Aneta Sienda lagði 45.000 krónur inn á reikninginn 14. desember 2010 og 37.000 krónur hinn 3. janúar 2011. Í dagbók ákærða er ritað að Mateusz hafi skilað eða greitt 45.000 krónur. Skýringar vitnanna Mateuszar og Anetu á innborgunum þeirra á bankareikning ákærða þykja bæði

langsóttar og ótrúverðugar. Sömuleiðis framburður Mateuszar um kaup hans á sjónvarpstækinu af alls ókunnugum manni, sem hafi gefið sig á tal við hann fyrir utan Kolaportið.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 2.4.

Eins og áður greinir þykir ljóst að fartölvan sem greinir í þessum ákærulið, sé þýfi úr innbroti í Hótel Frón að Laugavegi 22A, sem haldlögð var á heimili vitnisins Kajetan Andrzej Dziura eftir að hann hafði framvísað henni til lögreglu. Eins og fram hefur komið voru fleiri munir úr þessu sama innbroti haldlagðir á heimili ákæra, sbr. ákærulið 1.20. Ákærði neitaði því að hafa selt Kajetan Andrzej umrædda tölvu. Vitnið Kajetan Andrzej hefur hins vegar borið um það bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi að ákærði hafi selt sér þessa tölvu á 35.000 krónur og að hann hefði greitt fyrir hana með reiðufé. Í gögnum málsins kemur fram að ákærði sendi Kajetan nokkrum sinnum smáskilaboð í janúar 2011 þar sem hann bauð honum hin ýmsu raftæki til kaups. Þykir framburður vitnisins staðfastur og mjög trúverðugur. Með vísan alls framangreinds og með hliðsjón af ótrúverðugum framburði ákærða í málinu að öðru leyti þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

Ákæruliður 2.5.

Eins og áður greinir þykir ljóst að 10 flíkur af gerðinni Cintamani sem greinir í þessum ákærulið, séu þýfi úr innbroti að Austurhrauni 3, en þýfi úr þessu sama innbroti fannst á heimili ákærða. Ákærði bar um það hér fyrir dómi að hafa látið Michal Marzalek fá þennan fatnað, en hann hefði skilað honum aftur og ekki greitt fyrir hann. Vitnið Michal bar um það hjá lögreglu að hafa fengið umræddan fatnað hjá ákærða einhvern tímann fyrir 1. febrúar 2011. Fatnaðinum hefði hann skilað aftur til ákærða 2. febrúar 2011, en við eftirlit lögreglu við upphaf rannsóknar málsins varð lögreglan vitni að því er Michal kom á heimili ákærða þennan dag með bakpoka og svartan plastpoka meðferðis. Vitnið Michal bar á sömu leið hér fyrir dómi, þ.e. að hann hefði fengið fatnaðinn hjá ákærða, en í samráði við Iwönu kærustu sína hefði hann ákveðið að skila fatnaðinum aftur til ákærða. Sagðist hann ekki hafa verið búinn að greiða fyrir fatnaðinn þegar hann skilaði honum. Á sömu lund bar vitnið Iwona, bæði hér fyrir dómi og hjá lögreglu. Innborganir Michals og Iwönu inn á reikning ákærða áttu sér allar stað áður en innbrotið að Austurhrauni var framið, fyrir utan eina innborgun frá Iwönu að fjárhæð 20.000 krónur sem greidd var inn á reikninginn 3. janúar 2011. Með hliðsjón af framangreindu þykir ósannað að Michal hafi keypt fatnaðinn af ákærða.

Í skýrslu lögreglu um innbrotið að Austurhrauni 3 kemur fram að eingöngu var stolið kvenfatnaði, þ.e. úlpum, vestum og hettupeysum úr flís. Af ljósriti úr dagbók ákærða þykir ljóst að hann var með sams konar fatnað til sölu, en þar getur að líta lista yfir fatnaðinn, stærð og verð. Þar getur einnig að líta lista af kvenmannsnöfnum, þó ekki nafn Iwönu, þar sem merkt hefur verið við hvert nafn stykkjatal og fjárhæðir, en yfirskrift listans er „selt“. Með hliðsjón af framangreindu og öðrum gögnum málsins þykir ljóst að ákærði var með umræddan fatnað til sölu. Þá þykir ljóst að ákærði afhenti Michal Marzalek fatnaðinn í því skyni að selja hann þótt vitnið tæki síðar þá ákvörðun að skila fatnaðinum. Þykir því ljóst að ásetningur ákærða stóð til þess að selja fatnaðinn og þar með að taka þátt í ávinningnum af innbrotinu. Með vísan alls framangreinds þykir því sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til að selja Michal Marzalek umræddan fatnað og þykir brot hans samkvæmt þessum ákærulið varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Niðurstaða málsins er því sú að ákærði er sakfelldur fyrir þá háttsemi sem í ákærinni greinir. Háttsemi ákærða er réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákærinni, að því gættu að háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið 2.5 þykir varða sama refsíákvæði, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur 1986. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur hann ekki áður sætt refsingu. Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir 30 hylmingarbrot en um var að ræða þýfi úr samtals 25 innbrotum. Hylmingarbrot ákærða lúta bæði að vörslum og sölu á þýfi. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að brotastarfsemi ákærða var umfangsmikil og skipulögð og átti sér stað um margra mánaða skeið. Þá er litið til þess að brot ákærða lúta að talsverðum verðmætum. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsinguna, en til frádráttar henni komi gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 4. febrúar 2011.

Þá ber að dæma ákærði til að greiða 1.374.670 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Bjarna Haukssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 1.362.170 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans og umfangs málsins.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sebastian Kamienski, sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt vegna málsins frá 4. febrúar 2011.

Ákærði greiði 1.374.670 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., að fjárhæð 1.362.170 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir